

A 1760/kultur

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um Norrænan háskóla**Tillögur**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að færa í orð, ásamt með háskólunum og landsbundnum og norrænum rannsóknastofnunum, norræna sýn um samstarf á sviði rannsókna, vísinda og æðri menntunar,

að slík sýn nái til stofnunar á norrænum tengslanetsháskóla sem tengir saman fræðasviðin í norrænu löndunum og greiðir fyrir frjálsri för háskólanema og ungra fræðimanna á Norðurlöndum, auk þess

að koma á tilraunastarfsemi um norrænt rannsóknarnám á völdum sviðum.

Bakgrunnur

Norðurlönd eru þekkt fyrir að bjóða menntun af háum gæðum sem er aðgengileg fyrir alla og byggist á nýjustu rannsóknum. Fjárveitingar til rannsókna jukust verulega á Norðurlöndum á árunum 2007–2015.^[1] Bæði það og framlög til rannsókna á samnorrænni fjárhagsáætlun færa heim sanninn um að rannsóknir og vísindi eru mikilvæg forgangsmati í norrænu samstarfi.

Flokkahópur miðjumanna telur að rannsóknir verði jafnvel enn mikilvægari þegar fram í sækir, þar sem felast tækifæri ekki síður en áskoranir í loftslagsbreytingum, grænum umskiptum og stafrænni væðingu svo að nokkuð sé nefnt. Þessar breytingar verða alls staðar á Norðurlöndum og eru óviðráðanlegar fyrir löndin hvert fyrir sig. Gagnvart þeim þarf sameiginlegt átak.

Í greinargerðinni um rannsóknastefnu sem Norræna ráðherranefndin birti á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í október 2017 er tekið fram að áherslan á norrænt rannsóknasamstarf hafi á seinni árum verið á fjármögnun þess - á kostnað fræðimannasamstarfs og rannsóknarnáms, frjálsrar farar og tengslamyndunar. Í þessu sambandi segir í skýrslunni að það „geti verið tímabært að setja samstarf fræðimanna í aukinn forgang, ef til vill einkanlega

^[1] State of the Nordic Region 2018, bls. 120–122



aðgerðir sem taka til rannsóknarnáms, frjálstrar farar og tengslanets fyrir yngri fræðimenn, þannig að tryggja megi öflugna norræna samstarfsfleti fyrir norræna fræðimenn framtíðarinnar“.

Í samræmi við greinargerð ráðherranefndarinnar telur flokkahópur miðjumanna að norrænt rannsóknasamstarf eigi í æ ríkara mæli að snúast um rannsóknastefnu og samstarf milli rannsóknarstofnana. Yrðu rannsóknir sem nú eru stundaðar á Norðurlöndum samhæfðar, til dæmis á grunni sameiginlegra doktorsverkefnaáætlana, væri unnt að nýta betur styrkleika norrænu landanna - samþættingu, traust og frjálsa för fyrir vinnuafli og námsmenn. Sameiginlegt átak auðveldar einnig þværisindalegt starf og nýtingu breiddarinnar hjá norrænu stofnununum.

Í skýrslu Jormas Ollila um norrænt orkumálasamstarf, sem samin var að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar og kom út í júní 2017, er gerð tillaga um að norrænu löndin taki höndum saman um doktorsverkefnaáætlun á sviði orkumála. Dæmi um norrænt rannsóknasamstarf á þessu sviði er The Nordic Green Growth Research and Innovation Programme sem var ýtt úr vör árið 2016 af hálfu norræna rannsóknaráðsins NordForsk, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Norrænna orkurannsóknna.

Pólítískur vilji er fyrir hendi til að sameina norræna þekkingu á ákveðnu sviði og kanna kostina við það - eins og sjá má af tilmælum um sameiginlegt háskólanám í friðarviðræðum sem voru samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki árið 2017.

Flokkahópur miðjumanna telur að efla beri norrænt samstarf á sviði rannsókna og vísinda í áföngum og á grundvelli sameiginlegrar framtíðarsýnar. Ber því tafarlaust að hrinda í framkvæmd tillögu í skýrslu Jormas Ollila um sameiginlega sýn um norrænt orkumálasamstarf. Skilgreind sýn fyrir norrænar rannsóknir, vísindi og æðri menntun gæti með tímanum leitt til norræns háskóla í formi tengslanets - sem myndi út af fyrir sig styrkja stöðu Norðurlanda á alþjóðlega og evrópska vísu.

Stokkhólmi, Ósló, Kaupmannahöfn, Helsinki, Reykjavík,
Mariehamn og Þórshöfn hinn 9. mars 2018



Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Anna-Maja Henriksson (sv)
Arto Pirttilahti (cent)
Bertel Haarder (V)
Britt Lundberg (ÅC)
Eva Biaudet (sv)
Heidi Greni (Sp)
Jenis av Rana (Mfl.)
Johanna Karimäki (gröna)
Katri Kulmuni (cent)

Ketil Kjenseth (V)
Lars Tysklind (L)
Mikael Staffas (Lib)
Ólafur Ísleifsson (Flf)
Peter Östman (kd)
Rasmus Ling (MP)
Robert Halef (KD)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Staffan Danielsson (C)
Åslaug Sem-Jacobsen (SP)